

Föstudaginn 19. maí 1944.

Nr. 17/1944. **Réttvísinn** (cand. jur. Guttormur Erlendsson)  
gegn

**Kolbeini Stefánssyni** (Gunnar J. Möller)

**Óskari Friðbjarnarsyni** og

**Péttri Stefánssyni** (Guðmundur Í. Guðmundsson)

Líkamsárás. Ólögmat húsleit og handtaka.

### Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Brot ákærða Kolbeins Stefánssonar, sem er réttilega lýst í héraðsdómi, varðar við 217. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Árásin var framkvæmd úr fyrirsát að næturlagi og án þess að Óskar gæfi nokkurt efni til hennar. Þykir refsing ákærða Kolbeins með hliðsjón af þessu hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði. Ákærði Kolbeinn var farinn úr fötum og í þann veginn að ganga til hvílu á heimili sínu, þegar ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson handtóku hann. Virðist ljóst, að þá var ekki ástæða til að vænta af hendi ákærða Kolbeins slíks hátternis, að það réttlæti leit að honum og handtöku hans þar á heimilinu án úrskurðar dómara. Þetta atferli ákærðu Óskars og Péturs varðar því við 132. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sem tekur yfir alla sök þeirra vegna húsleitar og handtöku í máli þessu, og ber því ekki að refsa þeim samkvæmt 231. gr. greindra laga.

Sannað er, að ákærði Pétur olli meiðslum Magnúsar Þ. Jakobssonar, þeim sem í héraðsdómi er lýst. En leggja verður þá skýrslu ákærða Péturs til grundvallar, að hann hafi verið þess fullviss, að Magnús hafi ráðizt að honum að fyrra þragði, fingurbrotið hann og gert sig líklegan til frekari árása. Samkvæmt þessu þykir viðurhlutamikið að dæma honum refsingu fyrir hátterni hans gagnvart Magnúsi.

Refsing ákærðu Óskars og Péturs þykir hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs á hendur hvorum þeirra, og

sæti hvor þeirra 12 daga varðhaldi, ef sekt verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kolbeinn Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, kr. 400.00, svo og málflytningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 700.00. Ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 500, svo og málflytningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, kr. 700.00. Allur annar kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 900.00, greiðist að  $\frac{3}{5}$  af af ákærða Kolbeini Stefánssyni og að  $\frac{2}{5}$  in solidum af ákærðu Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kolbeinn Stefánsson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði hvor 400 króna sekt til ríkissjóðs, og sæti hvor þeirra varðhaldi 12 daga, ef sekt hans greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kolbeinn Stefánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, 400 krónur, svo og málflytningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Gunnars J. Möllers, 700 krónur.

Ákærðu Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, svo og málflytningslaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, 700 krónur.

Allur annar kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Guttorms Erlendssonar

cand. juris, 900 krónur, greiðist að  $\frac{3}{5}$  af ákærðu Kolbeini Stefánssyni og að  $\frac{2}{5}$  in solidum af ákærðu Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 15. nóv. 1943.**

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Óskari Friðbjarnarsyni lögregluþjóni, Brekastíg 33 Vestmannaeyjum, Pétri Stefánssyni lögregluþjóni Brekastíg 15 Vestmannaeyjum, fyrir meint brot á XIV., XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og af réttvísinnar hálfu gegn Kolbeini Stefánssyni sjómanni, Skuld Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, einnig til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Í tilefni málssóknarinnar komu fram skaðabótakröfur frá Magnúsi Þ. Jakobssyni á hendur Pétri Stefánssyni, að upphæð kr. 10740.00, og frá Stefáni Björnssyni í Skuld á hendur sama, að upphæð kr. 1377.49, og frá Kolbeini Stefánssyni á hendur Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni að upphæð kr. 5000.00, og frá Óskari Friðbjarnarsyni á hendur Kolbeini Stefánssyni, að upphæð kr. 975.00. En áður en málið var tekið til dóms, féllu þeir Magnús Þ. Jakobsson, Stefán Björnsson og Kolbeinn Stefánsson frá skaðabótakröfum sínum í þessu máli, en áskildu sér rétt til að sækja þær í sérstökum málum síðar.

Ákærður Óskar Friðbjarnarson er fæddur 26. október 1908 í Vestmannaeyjum og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt brot, svo kunnugt sé, en þann 18. júní 1943 var hann undir rannsókn í Vestmannaeyjum, fyrir meinta ölvun og óspektir, en sök sannaðist ekki.

Ákærður Pétur Stefánsson, sem heitir fullu nafni Pétur Sigurðsson Stefánsson, er fæddur 1. maí 1917 að Högnastöðum í Helgustaðahreppi Suður-Múlasýslu og hefur ekki, svo kunnugt sé, verið refsað fyrir nokkurt lagabrot, en þann 24. janúar 1942 undirgekkst hann í lögregluþétti Reykjavíkur að greiða 100 kr. skaðabætur fyrir líkamsmeiðingu.

Kolbeinn Stefánsson er fæddur í Vestmannaeyjum 21. nóvember 1914 og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum, og öllum í Vestmannaeyjum.

1938  $\frac{2}{5}$  Sætt, 50 kr. sekt fyrir óleyfilegan bifreiðaakstur.

1939  $\frac{2}{10}$  Sætt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir og kr. 60.00 í skaðabætur.

1940  $\frac{3}{2}$  Sætt, 75 kr. sekt fyrir sama brot.

1942  $\frac{1}{3}$  Sætt, 175 kr. sekt fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

1942  $\frac{1}{4}$  Sætt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1942  $\frac{1}{12}$  Sætt, 50 kr. sekt fyrir ótilhlýðilega framkomu við Óskar Friðbjarnarson á opinberum stað.

Tildrög málsins eru eftirfarandi.

Hinn 6. janúar s. l. var haldinn dansleikur í samkomuhúsinu í Vestmannaeyjum. Á dansleiknum var ákærður Óskar Friðbjarnarson, ásamt konu sinni. Óskar var ekki einkennisklæddur, enda var hann ekki á vakt. Klukkan að ganga 6 um morguninn, aðfaranótt þess 7. janúar s. l., fóru þau hjónin burt af dansskemmtuninni og ætluðu heim til sín. Áður en þau fóru úr samkomuhúsinu, fór konan úr skónum, sem hún hafði dansað á um nóttina, og lét á sig aðra skó til þess að ganga á heim. Óskar bar dansskó konu sinnar undir hendinni á leiðinni heim. Í fylgd með þeim var Stefán Nikulásson Skólaveg 24 og kona hans. Gengu þau öll samsiða vestur Vestmannabrautina, og var Stefán nyrstur, þar næst kona hans, þar næst ákærður Óskar, og syðst gekk kona hans. Er þau voru komin rétt á móts við húsið Nýja-Bíó, kom allt í einu maður út á götuna, sunnan megin frá, og þreif í Óskar. Það var ákærður Kolbeinn Stefánsson. Hafði hann verið á dansleiknum um nóttina, og var dálítið við vin. Eftir því sem hann sjálfur skýrði frá, hafði hann farið af dansleiknum rétt áður og ætlaði að skreppa snöggvast heim til sín, en í hvaða tilgangi, hefur hann ekki gert grein fyrir. Hann var berhöfðaður og frakkalaus, því yfirhöfn og höfuðfat skildi hann eftir í samkomuhúsinu. Gekk hann vestur Vestmannabrautina, en er hann kom að húsinu Garðs-auka, sem stendur sunnan megin við götuna, gegnt húsinu Nýja-Bíó, aðeins lítið austar, nam hann staðar í horninu austan við húsið. Stóð hann þar um 1—2 mínútur að eigin sögn. Er hann var þarna, sá hann Óskar og fólk hans koma vestur götuna og datt honum þá í hug að ráðast á Óskar og tugta hann dálítið til, eins og hann orðaði það. Ekki hafði Óskari og honum þó farið neitt á milli á dansleiknum. Beið Kolbeinn kyrr í horninu við húsið, meðan þau Óskar náguðust, og er þau voru komin vel móts við hann, snaraðist hann út á götuna á eftir þeim, og þreif snögg og fast í hálsmálið á Óskari aftan frá. Óskar kipptist aftur á bak og hrasaði við. Honum tókst þó þegar að rétta sig upp. Kastaði hann dansskóm konu sinnar, sem hann hélt á, út á götuna og snerist gegn Kolbeini. Kolbeinn sló þá Óskar með krepptum hnefa í andlitið, og kvaðst Óskar hafa hálfallið við. Segir Óskar, að blóð hafi þegar fallið niður andlit sitt, og hann hafi séð „stjörnur“ og kennt mikið til. Síðan tókust þeir á. Féllu báðir í götuna og varð Kolbeinn undir. Stefán Nikulásson fór þá upp í samkomuhús til þess að ná í lögregluna, og kom hann von bráðar aftur með Berg Elías Guðjónsson, dyravörð í samkomuhúsinu. Tók Bergur Elías Kolbein og fór með hann upp í samkomuhús. Tók Kolbeinn þar

höfuðfat sitt og yfirhöfn, og fékk Bergur Elías mann til þess að fylgja honum heim í Skuld. Kolbeinn fór síðan heim og fór að hátta.

Skömmu eftir viðureignina skoðaði héraðslæknirinn meiðsli Óskars, og samkv. vottorði hans var Óskar þá með 2 cm langt sár þversum á hægri augabrún, gapandi og blæddi úr. Einnig var Óskar með glóðarauga sama megin, og á hálsi vætlaði til og frá úr smásárum, líkt sem væri eftir naglaför.

Eftir viðureignina við Kolbein á götunni fylgdu þeir Óskar og Stefán Nikulásson konum sínum heim. Síðan fóru þeir heim til Péturs Stefánssonar lögregluþjóns. Pétur var þá háttaður, en hann hafði farið af vakt kl. 4½ um morguninn. Óskar skýrði Pétri frá árás Kolbeins og beiddi hann að koma með þeim til þess að taka Kolbein fastan. Fór Pétur á fætur og klæddi sig í einkennisbúning. Síðan fóru þeir allir niður í samkomuhús til þess að leita að Kolbeini. Kolbeinn var þá farinn þaðan. Þá fóru þeir upp í Skuld og börðu á dyr. Svefnherbergi Kolbeins var í kjallara hússins, og er stórt geymsluherbergi þar fyrir framan, en fram af geymsluherberginu er litil forstofa fyrir innan útidyrnar. Von bráðar sáu þeir, að ljós var kveikt inni í geymsluherberginu, og gengu þeir þá inn í forstofuna. Voru þá dyrnar á geymsluherberginu opnaðar, og Kolbeinn Stefánsson kom fram í dyrnar. Hann var á nærklæðunum, skyrtu, buxum, sokkum og skóm, og hélt á utanyfirbuxunum. Pétur Stefánsson ávarpaði hann og beiddi hann að koma með þeim og kveðst um leið hafa sagt honum að fara í utanyfirbuxurnar. Kolbeinn kveðst ekkert fara og ætlaði inn aftur. Þá ruddust þeir inn í geymsluherbergið og lögðu þeir Pétur og Óskar hendur á Kolbein. Kolbeinn stympaðist á mótí og kallaði á hjálp. Var þá svefnherbergishurðin opnuð í skyndi og herbergisfélagi Kolbeins, Magnús Þ. Jakobsson formaður, kom fram. Gerðust þá atburðir, sem þeir Magnús og Pétur Stefánsson eru einir til frásagnar um, en eru ekki á einu máli um.

Pétur Stefánsson kveðst hafa staðið upp við stiga, sem er í geymsluherberginu og liggur upp á stofuhæðina. Stiginn stendur vinstra megin frá útidyrum séð við svefnherbergisdýr þeirra Kolbeins og Magnúsar og nær litið eitt út á dyrnar. Kveðst Pétur hafa stutt vinstri hendinni á stigaprepin upp við svefnherbergishurðina, en með þeirri hægri seildist hann niður í rassvasann eftir handjárnnum, því hann ætlaði að leggja járn á Kolbein. Á meðan áttust þeir við Óskar og Kolbeinn. Í þessu bili kallaði Kolbeinn upp: „Magnús, ætlarðu ekki að hjálpa mér?“

Var þá svefnherbergishurðin opnuð snögg, og kveðst Pétur hafa fengið högg á hendina, svo hún dofnaði upp. Síðar kom í ljós, að visifingur vinstri handar var brotinn, og fullyrðir Pétur, að fingurinn hafi brotnað við þetta högg. Um leið og Pétur fékk högg-

ið, kveðst hann hafa litið við og sá þá Magnús Þ. Jakobsson standa fyrir framan stigann. Hafi Magnús haft einhver blótsyrði um hönd og verið með kreppta hnefa og gert sig líklegan til þess að ráðast á hann. Kvaðst Pétur þá ekki hafa séð önnur ráð en verða fyrri til, og sló hann Magnús með hægri hendinni tvö högg í andlitið. Hörfaði Magnús þá aftur inn í svefnherbergið, en Pétur gekk út, enda voru þeir Óskar og Stefán Nikulásson þá komnir með Kolbein út úr húsinu. Kveðst Pétur þess fullviss, að Magnús hafi barið hendina á honum um leið og hann kom fram og brotið visifingur hans, þar sem um aðra skýringu geti ekki verið að ræða.

Magnús Þ. Jakobsson skýrir hins vegar svo frá, að klukkan um 6 umræddan morgun hafi Kolbeinn Stefánsson komið heim af dansleiknum, og virtist honum Kolbeinn vera ódrukkinn. Hann segir, að Kolbeinn hafi strax farið að háttu, en er hann var nærri háttadur, var barið á dyrnar, og fór Kolbeinn fram. Rétt á eftir heyrði hann Kolbein kalla: „Maggi“ eða „Magnús“, og var kallið hræðslukennt. Fór Magnús þá upp úr rúminu og fram. Segist hann hafa verið á nærklæðunum og haldið upp um sig buxunum. Er hann kom fram í geymsluherbergið, segir hann, að maður hafi komið framan úr herberginu og ráðizt á sig fyrirvaralaust og slegið sig mörg högg í andlitið og aðallega hægra megin. Kveðst hann ekki hafa þekkt þennan mann, en hann hafi verið í lögregluþjónsbúningi. Hann segist hafa orðið var við fleiri þarna inni, en sá ekki, hverir það voru, því skuggsýnt var í geymsluherberginu. Hann kveðst ekki hafa sagt neitt, áður en hann var sleginn og ekkert aðhafzt, sem gæti gefið tilefni til árásarinnar. Hann neitaði því ákveðið að hafa slegið til nokkurs manns, er hann fór fram úr svefnherberginu, og eins sagði hann, að enginn maður hefði staðið upp við stigann í geymsluherberginu eða alveg fyrir framan svefnherbergisdyrnar, er hann opnaði og gekk út um dyrnar.

Við þessa árás, sem nú hefur verið lýst, segir hann að buxurnar hafi farið niður um hann. Hysjaði hann þá upp um sig buxurnar og ætlaði að halda áfram fram í geymsluherbergið. Þá var hann aftur sleginn mörg högg í andlitið. Ekki vissi hann þó, hvort það var sami maður, sem sló og í fyrra skiptið. Hrökkladist hann þá til baka og upp að kistu, sem stóð við vesturvegginn í geymsluherberginu. Enn kvaðst hann hafa ætlað að fara fram í herbergið, en þá hafi hann fengið þriðju árásina. Sá hann þá vænlegast að snúa til baka og hörfaði inn í svefnherbergið. Var hann þá alblóðugur í framan, því hann hafði fengið blóðnasir, og auk þess dreyrði úr skurði, er hann hafði fengið á hægri augabrún. Var allstór blóðpollur á gólfinu í geymsluherberginu fyrir framan kistuna, er komið var að daginn eftir. Magnús lagðist fyrst fyrir, eftir að hann hörfaði inn í svefnherbergið, en fór síðan von bráðar upp í eldhús (sem er á fyrstu hæð hússins) til þess að þurrka blóðið

úr andlitinu. Þar kom húsráðandinn, Stefán Björnsson í Skuld, faðir Kolbeins, til hans. Úr því var farið að ná í lækni.

Hvorki Óskar Friðbjarnarson né Kolbeinn Stefánsson fylgdust með viðureign þeirra Péturs og Magnúsar, enda voru þeir í stýpningum á meðan. Þó kveðst Kolbeinn hafa orðið var við, að Magnús kom fram, og eins kveðst hann hafa séð Pétur slá Magnús, en að öðru leyti sá hann ekki, hvað þeim fór á milli.

Stefán Nikulásson kveðst einnig lítið hafa fylgzt með viðureign þeirra Péturs og Magnúsar, því athygli hans beindist aðallega að Kolbeini. Hann segir, að rétt eftir að Kolbeinn hafi kallað á hjálp, hafi hann séð svefnherbergishurðina opnast, og Magnús Þ. Jakobsson koma fram. Leit hann svo af Magnúsi, en rétt á eftir virtist honum, að þeir Pétur og Magnús væru farnir að takast á. Síndist honum Magnús ýta á Pétur, svo Pétur snerist við utan í tunnu, sem þarna var inni. Hann sá hvorugan þeirra slá hinn. Að vörmu spori kveðst Stefán hafa farið út, og sá hann þá Magnús standa upp við svefnherbergisdýrnar, en Pétur ganga fram geymsluherbergið frá honum.

Héraðslæknisins var vitjað til Magnúsar um morguninn, og samkv. vottorði hans var Magnús þá með glóðarauga beggja megin og blóðnasir. Enn fremur taldi læknir, að Magnús hefði einkenni heilahristings og þyrfti að liggja rúmfastur.

Magnús var við rúmið um vikutíma eftir þetta, en náði sér svo von bráðar. Þó kveðst hann um nokkurn tíma hafa öðru hvoru fundið til þyngsla yfir höfðinu og eins fann hann til í hægri kjálkanum og átti erfitt með að tyggja, það sem hart var, af þeim sökum. Vottur af bláma í andliti hans hélzt í rúmar 2 vikur eftir viðureignina.

Er Magnús hafði hörfað til baka upp að svefnherbergisdýrunum, eins og áður getur, sneri Pétur til dyra. Þeir Óskar og Stefán Nikulásson voru þá að komast út með Kolbein. Við austurhornið á Skuld götu megin veittu þeir því athygli, að utanyfirbuxur Kolbeins höfðu orðið eftir í geymsluherberginu. Sneri Pétur þá við og sótti þær. Náði hann þeim Óskari við Vöruhúsið, sem stendur gegnt Skuld, hinum megin við götuna. Kveðst Pétur þá hafa sagt við Kolbein, að hann skyldi fara í buxurnar, en Kolbeinn hafi ekki anað því neinu. Sjálfur kvaðst Kolbeinn ekki hafa veitt þessu athygli. Síðan fóru þeir með Kolbein rակleitt og viðstöðulaust niður að fangahúsi. Er þangað kom, kom í ljós, að þeir höfðu ekki lykla að fangahúsinu. Hafði Pétur misst sína lykla í rýskingunum uppi í Skuld. Fór hann því þangað aftur og fann lykllana og handjárnin á gólfinu í geymsluherberginu, þar sem viðureignin hafði átt sér stað. Á meðan biðu Óskar og Stefán með Kolbein niður við fangahús. Kalt var í veðri, og segir Kolbeinn, að sér hafi kólnað, er beðið var þarna. Pétur kom aftur að vörmu spori með lykllana.

Gerði hann ráð fyrir að hafa verið 2—3 mínútur í ferðinni, og er það ekki ósennilegt, því stuttur spölur er frá fangahúsinu að Skuld. Var fangahúsið þar næst opnað og Kolbeinn settur í fangaklefa. Pétur rétti þá Kolbeini utanyfirbuxurnar, en Kolbeinn vildi ekki taka við þeim. Hengdi Pétur buxurnar þá á nagla í gangi fangahússins. Var Kolbeinn síðan í fangaklefanum þar til réttarpróf byrjuðu daginn eftir klukkan 1 e. h. Segir Kolbeinn, að sér hafi orðið kalt í klefanum um morguninn, enda fékk hann teppi til viðbótar, er komið var að um morguninn kl. 10. Upplýst er, að fangahúsið var upphitað, er hann var látinn þar inn, og að þar var vel hlýtt, er leið fram á morguninn. Ekkert varð Kolbeini meint af verunni í fangahúsinu né flutningnum þangað.

Nokkru eftir að þessir atburðir gerðust, lagði Stefán Björnsson, faðir Kolbeins Stefánssonar og húsráðandi í Skuld, inn kæru á hendur þeim Óskari Friðbjarnarsyni og Pétri Stefánssyni fyrir brot á friðhelgi heimilis hans, ólöglega handtöku og óleyfilega meðferð á syni hans og fyrir misþyrmingu á heimilismanni hans, Magnúsi Þ. Jakobssyni. Er Magnús mætti í rétti, krafðist hann þess einnig að þeim Óskari og Pétri yrði refsað. Einnig krafðist Óskar Friðbjarnarson þess, að Kolbeini yrði refsað fyrir árásina á sig á götunni. Að lokinni rannsókn var síðan málið höfðað, eins og framan greinir.

Eins og tekið er fram í upphafi, er málið höfðað gegn þeim Óskari Friðbjarnarsyni, og Pétri Stefánssyni fyrir brot á XIV., XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Að því er ákærðan Óskar snertir, virðist ekki koma til greina refsing fyrir brot á XXIII. kafla hegnl., þar sem meiðsli Magnúsar Þ. Jakobssonar verða ekki talin honum til ábyrgðar. Þykir því bera að sýkna hann af ákærum réttvísinnar að því leyti. Kemur því til athugunar, hvort hann hefur gerzt brotlegur við lög með handtöku Kolbeins Stefánssonar á heimili hans og meðferð á honum. Ákærður hefur sjálfur haldið því fram, að handtakan hafi verið nauðsynleg öryggisráðstöfun og þar af leiðandi réttmæt. Kolbeinn hafi gert sig sekan um árás úr launsátri með það fyrir augum að misþyrma honum, og þess hafi mátt vænta, að Kolbeinn myndi gera aðra tilraun til árásar þá um nóttina, ef hann gengi laus. Í því sambandi hefur ákærður lagt ríka áherzlu á, að Kolbeinn hafi oft og mörgum sinnum sýnt honum tilefnislausu áreitni, og að undanfarandi framkoma hans, bæði við sig og aðra, hafi bent til þess, að Kolbeinn myndi ekki una við þau málalok, sem urðu á götunni, og að hætta mundi stafa af honum þá um nóttina. Við rannsókn málsins hefur upplýstst, að komið hefur fyrir, að Kolbeinn hafi sýnt tilhneigingu til ofbeldis, er hann var við vin, en allt að einu lítur rétturinn svo á, að ekki hafi verið ástæða til að óttast frekari árás af hans hendi, er hann var tekinn, þar sem hann

var kominn heim og háttaður að mestu, og að með handtöku hans hafi þar af leiðandi verið gengið lengra en nauðsyn bar til og réttmætt var. Þá hefur því verið haldið fram af hálfu Óskars, að handtakan hafi verið framkvæmd á ábyrgð Péturs Stefánssonar, þar sem hann hafi verið í einkennisbúningi, en Óskar ekki. Sé um sök að ræða vegna handtökunnar, hljóti hún þar af leiðandi eingöngu að vera hjá Pétri. Rétturinn litur hins vegar svo á, að í þessu tilfelli skipti það ekki neinu verulegu máli, hvor var í lögregluþjónsbúningi. Samkvæmt framburði beggja hinna ákærðu fyrir lögreglu réttinum, þeirra Péturs og Óskars, beiddi Óskar Pétur að koma með sér til þess að taka Kolbein fastan, eða með öðrum orðum, hann leitaði til Péturs til þess að fá aðstoð hans við handtökuna, er hann sjálfur ætlaði að framkvæma. Pétur var ekki á vakt, er þetta var, og var því sízt meiri ástæða að leita til hans en hinna lögregluþjónanna. Pétur var einnig nýbyrjaður á starfi sínu sem lögregluþjónn, er þetta gerðist, og er af þeirri ástæðu líklegt, að ákærður Óskar hafi ráðið meiru um handtökuna og hvernig hún var framkvæmd, þar sem hann var eldri og reyndari í starfinu. Samkvæmt þessu verður að lita svo á, að Óskar hafi ekki síður, heldur öllu frekar, borið ábyrgð á handtökunni og framkvæmd hennar en Pétur Stefánsson, og hann hafi með því brotið gegn 131. gr. almennra hegningarlaga og einnig 231. gr. sömu laga. Hins vegar verður eftir atvikum ekki talið, að hann hafi bakað sér refsíábyrgð vegna meðferðar á Kolbeini.

Af sömu ástæðum og þegar hafa verið teknar fram varðandi ákærðan Óskar, hefur ákærður Pétur Stefánsson með þátttöku sinni í handtökunni á heimili Kolbeins brotið gegn 131. og 231. grein almennra hegningarlaga. Er þá athugandi, hvort hann hafi einnig gerzt brotlegur við lög með árás sinni á Manús Þ. Jakobs-son, og sem að framan er lýst. Eins og þar kemur fram, gætir allmikils ósamræmis í framburði þeirra varðandi einstök atriði, og sem ekki hefur reynt unnt að upplýsa nánar. Það þykir þó mega ganga út frá, að meiðslin, sem Magnús hlaut, hafi eingöngu verið af völdum Péturs, enda er því ekki mótmælt af honum. Aftur á móti er alger óvissa um tilefnið til árásarinnar. Magnús telur, að hún hafi verið algerlega tilefnislaus frá sinni hálfu, en Pétur hins vegar heldur því fram, að Magnús hafi áður barið á vinstri höndina á honum með þeim afleiðingum, að vísifingurinn brotnaði, og hann hafi gert sig líklegan til þess að ráðast á hann. Gegn ákveðinni neitun Magnúsar þykir ekki unnt að leggja frásögn Péturs um þetta atriði til grundvallar, með því einnig, að hún er byggð á líkum. Hins vegar þykir ekki ástæða til að draga í efa, að Pétur hafi, er hann réðst á Magnús, verið í þeirri trú, að fingurbrotið væri af völdum Magnúsar. En þetta verður ekki talið nægja til þess að leysa hann frá refsíábyrgð, þótt það hins vegar

hafi þýðingu við ákvörðun refsingarinnar, henni til lækkunar. Verður því að líta svo á, að með árás sinni á Magnús Jakobsson hafi ákærður unnið til refsingar og þykir bera að heimfæra brot hans undir 217. grein almennra hegningarlaga, með því að meiðsli Magnúsar voru ekki það mikil, að 218. gr. sömu laga geti átt við.

Kolbeinn Stefánsson hefur gefið þá skýringu á árás sinni á Óskar, að hann hafi borið óvild til hans vegna framkomu hans gagnvart sér undanfarin ár. Tilfærði hann meðal annars, að Óskar hefði þá nýlega kært hann fyrir brot, sem honum fannst smávægilegt og hefði átt að liggja í þagnargildi. Hann hefur gert ráð fyrir, að Óskar hafi fengið glóðaraugað, sem áður um getur, við höggið, sem hann veitti honum, en hins vegar hefur hann talið, að skurðurinn, sem Óskar fékk í viðureigninni, hafi ekki verið af sínum völdum. Í lok rannsóknarinnar fyrir lögregluréttinum setti hann fram tilgátu um tildrög skurðarins, en engar líkur komu fram, sem studdu þá tilgátu, og er því ekki unnt að leggja neitt upp úr henni. Þykir verða að ganga út frá, að þau meiðsli, sem Óskar hlaut í viðureigninni, hafi verið af völdum Kolbeins. Óskar var ekki einkennisklæddur og ekki við lögregluþjónsstörf, er Kolbeinn réðst á hann, enda hefur málið gegn Kolbeini aðeins verið höfðað fyrir brot á XXIII. kafla hegningarlaganna. Kemur því ekki til álita, hvort Kolbeinn hafi með árás sinni brotið önnur lagaákvæði. Þykir bera að heimfæra brot hans undir 217. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og áður getur, hefur Óskar Friðbjarnarson sett fram í málinu skaðabótakröfu á hendur Kolbeini, að upphæð kr. 975.00, sem sundurliðast þannig:

Fyrir skemmdir á frakka .....	kr. 150.00
— hreinsun á fötum .....	— 25.00
— áverka og þjáningar .....	— 800.00
	<hr/>
	Kr. 975.00

Kolbeinn Stefánsson hefur mótmælt þessari kröfu og hefur Óskar ekki lagt fram eða aflað neinna viðunandi sannana fyrir upphæðinni. Þykir því verða að vísa henni frá dómi, þar sem ekki þykir hlýða að taka málið upp að nýju og draga það þar með á langinn hennar vegna.

Refsing ákærða Óskars Friðbjarnarsonar fyrir framan greint brot hans þykir hæfilega ákveðin samkv. 131. grein og 231. gr. almennra hegningarlaga 400 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, 16 daga varðhald.

Refsing ákærða Péturs Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin samkv. 131., 231. og 217. grein almennra hegningarlaga, 500 króna sekt í ríkissjóð, er ákærðum ber að greiða, og komi í stað sektar-

innar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Kolbeins Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin, samkv. 217. grein almennra hegningarlaga, 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 16 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðir Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Í. Guðmundssyni hrl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun, og ákærður Kolbeinn Stefánsson greiði kr. 400.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðbjófs G. Johnsen hdl.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðir Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson in solidum að  $\frac{2}{3}$ , en ákærður Kolbeinn Stefánsson að  $\frac{1}{3}$  hluta.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfu Óskars Friðbjarnarsonar á hendur Kolbeini Stefánssyni visast frá dómi.

Ákærður Óskar Friðbjarnarson greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 16 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Pétur Stefánsson greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Kolbeinn Stefánsson greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 16 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson greiði in solidum kr. 500.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Í. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærður Kolbeinn Stefánsson greiði kr. 400.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Friðbjófs G. Johnsen héraðs-dómslögmanns.

Annan sakarkostnað greiði ákærðir Óskar Friðbjarnarson og Pétur Stefánsson að  $\frac{2}{3}$  hlutum og in solidum, en ákærður Kolbeinn Stefánsson að  $\frac{1}{3}$  hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.